

5000 kr. sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í fyrrgreindu skipi kærða, skulu upptæk til sama sjórðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 9. dez. 1935.

Nr. 33/1935. **Páll Friðfinnsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

**Bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjar-
sjórðs** (Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 18. jan. 1935: Lög-
takið skal fram fara.*

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 8. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður frá 18. jan. þ. á. og lögtaksgerð framkvæmd s. d. verði úr gildi felld, og að hin stefnda bæjarstjórn verði f. h. bæjarsjórðs dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaður af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Árið 1934 lagði niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar-

kaupstaðar 600 króna útsvar á áfrýjanda, sem var búsettur í Dalvík og rak þar atvinnu. Útsvarsálagningin er byggð á því, að áfrýjandi átti $\frac{1}{3}$ hluta sildarverkunarstöðvar á Siglufirði og að hann hafi haldið þaðan út vélbát, er hann á, til fiskveiða árið 1933. Verkunarstöðin var leigð þetta ár yfir sildveiðitímann, og verður ekki talið, að áfrýjandi hafi orðið útsvarsskyldur til Siglufjarðar vegna þeirrar leigu, er hann hefir fengið eftir eignarhluta sinn í stöðinni. Eftir því, sem fram er komið í málinu, er áðurnefndur vélbátur, sem er 14 brúttósmálestir og 5 nettósmálestir að stærð, skráður á skipaskrá Siglufjarðar, enda þótt eigandinn væri annarsstaðar búsettur. En þetta atriði út af fyrir sig gerir áfrýjanda ekki útsvarsskyldan til Siglufjarðar vegna bátsins. Bátinum var ennfremur haldið út til fiskveiða árið 1933 frá því í fyrra hluta marzmánaðar og fram í síðari hluta júnimánaðar og frá því í septembermánuði og fram undir lok nóvembermánaðar, og var aflinn lagður upp á Siglufirði, og virðist fyrrnefnd verkunarstöð hafa verið notuð eitthvað í því sambandi. Það verður þó ekki talið, að áfrýjandi hafi fyrir þessa sök haft heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú á Siglufirði eða slík lóðararafnot, er hafi heimilað niðurjöfnunarnefnd að leggja á hann útsvar samkvæmt a- eða b-lið 8. gr. laga nr. 46/1926, eða öðrum ákvæðum útsvarslaganna. Verður því eftir kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og eftirfarandi lögtaksgerð úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma hina stefndu bæjarstjórn, f. h. bæjarsjóðs, til þess að greiða áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður og lögtaksgerð eru úr gildi felld. Hin stefnda bæjarstjórn Siglufjarðar greiði f. h. bæjarsjóðs áfrýjanda, Páli Friðfinnssyni, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Enda þótt lögtaksþoli eigi ekki heimili í Siglufirði, hefir hann þó haft þann atvinnurekstur á Siglufirði það ár, er útsvarið er lagt á, að telja verður hann útsvarsskyldan á Siglufirði 1934 eftir útsvarslöggjöfinni.

Mánudaginn 9. dez. 1935.

Nr. 98/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Johan Heyman (Garðar Þorsteinsson).

Sýknun af kæru fyrir brot á sóttvarnarlögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 11. júlí 1935: Kærður, Johan Heyman, greiði 1900 kr. sekt í sóttvarnarsjóð Íslands, til vara sæti tveggja mánaða einföldu fangelsi, ef sektin greiðist eigi innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, svo greiði kærður allan af máli þessu leiðandi kostnað en sé sýkn af kröfunni um að vélbáturinn Kittí sé upptækur og eign sóttvarnarsjóðs.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði er í máli þessu sóttur til refsingar fyrir brot á 3. og 7. gr. laga nr. 65, 19. júní 1933, um